

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað  
Hafnarbraut 6  
740 Neskaupstaður

Egilsstaðir, 9.1.2025  
UST202402-107/F.Æ.  
08.10.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. október 2024 – Síldarvinnslan í Neskaupstað ID 90

Þann 17. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar, Neskaupstað. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olfubirgðum, olfúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi frávikinu.

### Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Tryggja þarf að réttar upplýsingar s.s. um gildistíma starfsleyfis, komi fram í grænu bókhaldi.
2. Tilgreina þarf í ársyfirliti hvenær fitugildra við lýsispró er tæmd og hvert er farið með innihald hennar.
3. Skila þarf, til eftirlitsaðila, uppfærðum og endurskoðuðum áætlunum þegar þær liggja fyrir.
4. Fjarlægja þarf gróður og lausa hluti úr pró um lýsisgeyma

### Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Engar mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar árið 2023.  
*Mælingar voru gerðar í febrúar 2024 og er frávikinu því lokað.*
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Frárennsli verksmiðjunnar stóðst ekki kröfur í mælingu í febrúar 2024.
4. Árið 2023 mældust TVN-gildi þrisvar sinnum yfir 100 mg N/100g.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur